

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifirði

Egilsstaðir, 27.11.2023
UST202301-166/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 6.11.2023 - Fiskimjölsværksmiðja Eskju

Þann 6. nóvember sl. fór fram eftirlit í Fiskimjölsværksmiðju Eskju á Eskifirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fimm frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Endurnýja þarf rör til inndælingar á sjó.
Búið er að endurnýja bæði rör og dælur og er frávikinu því lokað.
2. Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli værksmiðjunnar er ekki lokið.
*Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 27. janúar 2023, voru ráðgerðar frárennslismælingar árið 2023 á þeim vertíðum sem enn á eftir að mæla á.
Enn á eftir að mæla á makríl- og síldarvertíðum.*
3. Umhverfismarkmið hafa ekki verið endurskoðuð.
*Samkvæmt bréfi Umhverfisstofnunar dags. 27. janúar 2023, fór stofnunin fram á að umhverfismarkmið yrðu sett fyrir fiskimjölsværksmiðju Eskju og að þau bærust stofnuninni eigi síðar en 30. júní sl.
Umhverfismarkmið hafa enn ekki borist Umhverfisstofnun.*
4. Hreinsunarkar hefur ekki verið tengt við frárennsli værksmiðjunnar.
*Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 27. janúar 2023 voru verklok áætluð þann 31. maí sl.
Ekki er enn búið að tengja hreinsunarkarið.*
5. Mælingar á frárennsli voru ekki gerðar í samræmi við úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 16. mars 2022.
*Í úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 16. mars 2022 var tilgreint að mælingar á frárennsli yrðu gerðar á makrílvertíð 2022.
Mælingar á frárennsli voru ekki gerðar á makrílvertíð 2022.*

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Gæta þarf að því að réttar og uppfærðar upplýsingar komi fram í grænu bókhaldi, t.d. hvað varðar kröfur í starfsleyfi.
2. Æskilegt er að upplýsingar um losun CO₂ komi fram í útstreymisbókhaldi þó að hún sé undir viðmiðunargildi.
3. Öryggisblöð skulu tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.
4. Ganga þarf úr skugga um að þró sem lýsistankar standa í, uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til hennar í 9. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.

Fjögur frávík komu fram í eftirlitinu er varða:

1. Gr. 2.16 í starfsleyfi. Óhreinsuðum grút var veitt til sjávar þann 23. maí 2023.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Grænu bókhaldi var skilað þann 5. júní sl. og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Útstreymisbókhaldi var skilað þann 12. júlí sl. og er frávikinu því lokað.
4. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Engar mælingar á frárennsli verksmiðjunnar voru gerðar árið 2022.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. desember 2023.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson
sérfræðingur